



VATNSENDASKÓLI

Starfsáætlun 2016-2017



Efnisyfirlit

Inngangur	6
Formáli.....	6
1 Hagnýtar upplýsingar.....	6
Skrifstofujónusta	7
Viðmið um tölvupóstssamskipti foreldra og kennara í Vatnsendaskóla	7
Forföll nemenda	7
Forföll kennara	7
Leyfi frá skóla.....	7
Samstarf við leikskóla	8
2 Stjórnskipulag	9
Starfsfólk Vatnsendaskóla	10
3 Skóladagatal	12
4 Kennsla	14
Skóladagur nemenda í 1. – 4. bekk.....	14
Skóladagur nemenda í 5. – 7. bekk.....	14
Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk.....	15
Frímínútur.....	15
Tilhögun kennslu	15
Heimanámsstefna skólans.....	16
Um einstaklingsmiðað nám	17
5 Nemendur.....	18
Starfsáætlun nemenda	18
Helstu viðburðir skólaársins	19
6 Valgreinar	21
7 Skólabragur.....	22
Skólareglur Vatnsendaskóla	22
Viðbrögð við brotum á skólareglum	23
Notkun GSM síma.....	23
Notkunarreglur spjaldtölva	24
Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur.....	24
Ferli vegna brota á skólareglum	25
8 Nefndir og ráð skólans.....	26
Um skólaráð.....	26
Skólaráð Vatnsendaskóla.....	27

Starfsáætlun skólaráðs	27
Foreldrafélag Vatnsendaskóla	27
Bekkjarfulltrúar	27
Nemendaráð Vatnsendaskóla	28
Félagsmiðstöðin Dimma	28
Starfsáætlun Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu	29
8 Foreldrasamstarf	29
Samstarf heimila og skóla	29
Nemenda- og foreldraviðtöl	29
Upplýsingamiðlun til foreldra	30
10 Mat á skólastarfi	30
Innra mat	30
Umbótaáætlun	31
11 Stoðþjónusta	34
Sérkennsla	34
Stuðningsfulltrúar	34
Þroskapjálfar	34
Skólahjúkrun	34
Sálfræðiþjónusta	35
Náms- og starfsráðgjöf	36
Talkennsla	36
Nemendaverndarráð	36
Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs	36
12 Tómtundastarf	37
Bekkjarskemmtanir	37
Skólabúðir	37
Vettvangsferðir	37
Skák	37
Árshátíðir	37
Tónlistarskólar	37
Skólakór	37
Stjörnuheimar og klúbbastarf	38
13 Símenntunaráætlun	39
Áherslur varðandi símenntun	39
14 Áætlanir	40

Eineltisáætlun.....	40
Áfallaáætlun	40
Rýmingaráætlun	41
Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs	41
Viðbrögð við vá.....	42
15 Akstur og mötuneyti.....	42
Akstur í íþróttir og sund.....	42
Skólamáltíðir.....	42
16 Annað sem varðar starfsemi skólans.....	43
Skólaþróun og umbótastarf.....	43
Erasmus skólaþróunarverkefni.....	44
Samþykkt skólaráðs.....	46

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Starfsáætlun Vatnsendaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hún er hluti af skólanámskrá skólans. Í starfsáætluninni koma fram helstu viðburðir, áherslur og markmið í skólastarfinu í vetur. Í henni koma einnig fram þær venjur, siðir og reglur sem ríkja í skólanum. Starfsáætlunin er birt á pdf-formi á heimasíðu skólans. Þá er hægt að fá hana útprentaða á skrifstofu skólans.

Formáli

Vatnsendaskóli tók til starfa haustið 2005. Þá var ein kennsluálma tilbúin til notkunar. Önnur kennsluálma og verkgreinahús bættist við haustið 2006 og unglingaálman var tekin í notkun á þriggja ára afmæli skólans haustið 2008. Á sama tíma var skrifstofuhúsnæði, bókasafn og mötuneyti opnað. Síðasta byggingaáfanganum lauk með vígslu samkomusalar 26. janúar 2012. Haustið 2013 var svo tveimur lausum kennslustofum, Holti og Mýri, bætt á skólalóðina. Vorið 2016 hófust framkvæmdir við íþróttahús.

Vatnsendaskóli stendur við Elliðavatn í fallegu umhverfi. Í skólanámskrá er sérstök áhersla á útikennslu, náttúrufræði og umhverfismennt. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Göngustígur liggur frá skólanum niður að vatninu og tengist stígakerfi sem opnar leið að fjölbreyttum náttúru- og útivistarsvæðum. Tvær sérhannaðar náttúrufræði- og raungreinastofur eru í skólanum.

Í Vatnsendaskóla eru ríflega 550 nemendur og 83 starfsmenn þetta skólaárið. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans. Gildi skólanámskrár eru byggð á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi.

1 Hagnýtar upplýsingar

Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2, 203 Kópavogur

Símanúmer skólans: 441 4000

Símanúmer í Dægradvöl: 441 4033/ 690 8706

Skólastjóri: Guðrún Soffía Jónasdóttir (í leyfi til 31.12. 2016)

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri: Hekla Hannibalsdóttir (afleysing til 31.12. 2016)

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngra stigs: Edda Gíslrún Kjartansdóttir (afleysing til 31.12. 2016)

Deildarstjóri miðstigs: María Jónsdóttir

Deildarstjóri eldra stigs: Ingunn Huld Kristófersdóttir

Forstöðumaður Stjórnuheima: Svanhildur Anna Gestsdóttir

Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu: Laufey Sif Ingólfssdóttir

Húsvörður: Halldór Sigurjónsson

Heimasíða Vatnsendaskóla hefur vefslóðina www.vatnsendaskoli.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólalífinu o.fl.

Skrifstofubjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 7:45 – 15:00 mánudaga til föstudaga. Ritari skólans er Kristín Helgadóttir.

Öll eyðublöð skólans má nálgast hjá ritara og almenn eyðublöð má einnig nálgast á heimasíðu skólans, s.s. nýskráningu nemenda og umsókn foreldra um leyfi fyrir barn sitt.

Umsóknir fyrir mataráskrift og Dægradvöl fara fram á íbúagátt Kópavogsbæjar,

www.kopavogur.is.

Viðmið um tölvupóstssamskipti foreldra og kennara í Vatnsendaskóla

Við í Vatnsendaskóla viljum eiga góð og uppbyggileg samskipti við foreldra um nám og velferð nemenda. Tölvupóstur er þægilegt og fljótlegt samskiptaform sem getur oft nýst í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann.

Þegar foreldrar þurfa að ná tali af kennara er hægt að senda tölvupóst á kennara og biðja um viðtal eða hringja á skrifstofu skólans og biðja fyrir skilaboð til kennara um að hafa samband.

Það er mikilvægt að hafa í huga að á skólatíma eru kennarar yfirleitt ekki við tölvur og foreldrar geta því ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs. Því er betra, ef upp koma ófyrirséð brýn tilvik að hringja á skrifstofu skólans og biðja um að skilaboðum sé komið til kennara.

Hægt er að treysta því að kennarar svari tölvupósti foreldra að jafnaði innan tveggja daga frá því hann berst.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf hvers skóladags til ritara í síma 441 4000 eða í gegnum www.mentor.is

Forföll kennara

Þegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og senda nemendur heim.

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara. Sé um lengri tíma að ræða en einn dag skal sækja skriflega um leyfi hjá skólastjóra eða deildarstjórum. Eyðublöð um leyfisbeiðni má nálgast á skrifstofu eða á heimasíðu skólans.


Það er á ábyrgð foreldra að sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr vegna leyfis.

Samstarf við leikskóla

Í hverfinu eru tveir leikskólar, Aðalþing og Sólhvörf. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum þar sem markvisst er unnið að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Vatnsendaskóla. Elstu börn leikskólanna heimsækja Vatnsendaskóla nokkrum sinnum yfir veturinn og taka m.a. þátt í göngu gegn einelti í byrjun nóvember.

Dægradvöl Vatnsendaskóla, Stjörnuheimar, er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Þetta gerir skólabyrjun 1. bekkinga í Vatnsendaskóla auðveldari þar sem börnin læra að þekkja skólahúsnæðið og – lóðina sem og starfsfólkið í dægradvölinni.

2 Stjórnskipulag



Skólastjóri ber ábyrgð á öllu skólastarfi í Vatnsendaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Undir stoðkerfi skólans falla sérkennarar, þroskaþjálfar, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og talmeinafræðingur.

Starfsfólk Vatnsendaskóla

Við Vatnsendaskóla starfa 80 starfsmenn ýmist í hluta- eða fullu starfi; kennarar, sérkennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, námsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, ritari, húsvörður og skólaliðar, auk skólastjóra og deildarstjóra.

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Alfreð Gústaf Maríusson	Matráður	alfred@kopavogur.is
Aníta Björk Helgadóttir	Sérkennari	anitab@kopavogur.is
Andri Þór Helgason	Stuðningsfulltrúi	
Anna Elísabet Ólafsdóttir	Þroskaþjálfari	annalisa@kopavogur.is
Anna Reynarsdóttir	Kennari	annare@kopavogur.is
Atli Jóhannsson	Kennari	atlijohnns@kopavogur.is
Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	hjukrunve@kopavogur.is
Álfheiður Ingimarsdóttir	Kennari	alfheiduringimars@kopavogur.is
Árný Sigríður Sveinsdóttir	Kennari	arny@kopavogur.is
Ásta Guðnadóttir	Sérkennari	asta@vatnsendaskoli.is
Ásta Ingunn Sævarsdóttir	Kennari	astasa@kopavogur.is
Ásta Ísafold Manfreðsdóttir	Skólaliði	astaisafold@kopavogur.is
Ástrós Traustadóttir	Stuðningsfulltrúi	astros@kopavogur.is
Behaylwa Dejene Tegegn	Skólaliði	bahu@kopavogur.is
Birna Aldís Fernández	Íþróttakennari	birna81@kopavogur.is
Birna Hugrún Bjarnadóttir	Sérkennari	birnahb@kopavogur.is
Bóas Valdórsson	Sálfræðingur	boas@kopavogur.is
Björk Hlökkversdóttir	Kennari	bjorkh@kopavogur.is
Brynja Óskarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	brynjao@kopavogur.is
Edda Gíslrún Kjartanasdóttir	Aðstoðarskólastjóri (til 31.12. 2016)	eddakjar@kopavogur.is
Einar Baldursson	Kennari	einarb@kopavogur.is
Einar Ólafsson	Stundakennari	einar@fell.is
Guðleif Margrét Þórðardóttir	Stuðningsfulltrúi/dægradvöl	gudleif@ kopavogur.is
Guðmundur Friðriksson	Starfsmaður í dægradvöl	
Guðrún Elva Arinbjarnadóttir	Námsráðgjafi	gudrunelva@ kopavogur.is
Guðrún Soffía Jónasdóttir	Skólastjóri (í leyfi til 1.1. 2017)	gudrunj@ kopavogur.is
Guðrún Vala Ólafsdóttir	Verkefnisstjóri tölvur	gudrunvala@kopavogur.is
Halldór Sigurjónsson	Húsvörður	halldors@ kopavogur.is
Hanna Lára Baldvinsdóttir	kennari	hanna@ kopavogur.is
Heiða Björk Egilsdóttir	Kennari	heidabjork@ kopavogur.is
Hekla Hannibalsdóttir	Skólastjóri (til 31.12.2016)	hekla@kopavogur.is
Helga Arnþórsdóttir	Kennari	helga.arnthors@kopavogur.is
Hólmfríður Hafberg	Stuðningsfulltrúi	hafberg@kopavogur.is
Hrönn Jónsdóttir	Sérkennari	hronnj@kopavogur.is
Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir	Kennari	ingibjorgbjarney@kopavogur.is
Ingilaug Erlingsdóttir	Kennari	ingilaug@kopavogur.is
Ingunn Huld Kristófersdóttir	Deildarstjóri eldra stigs	ingunnhuld@kopavogur.is

Ingunn Klara Ingvarsdóttir	Starfsmaður í dægradvöl	
Ína Kristín Bjarnadóttir	Starfsmaður í dægradvöl	ina@kopavogur.is
Katarzyna Kleinschmidt	Starfsmaður í dægradvöl	katarzynak@kopavogur.is
Kjartan Ólafsson	Íþróttakennari	kjartanolafs@kopavogur.is
Klara Sigurmundadóttir	Kennari	klarasig@kopavogur.is
Kristín Helgadóttir	Ritari	kristinh@kopavogur.is
Kristín Pétursdóttir	Dönskukennari	kpeturs@kopavogur.is
Kristjana Prastardóttir	Leiðbeinandi	kristjanath@kopavogur.is
Laufey Sif Ingólfssdóttir	Forstöðumaður Dimmu	laufeysi@kopavogur.is
Lilja Leósdóttir	Skólaliði	liljaleos@kopavogur.is
Lovísa Hannesdóttir	Kennari	lovisah@kopavogur.is
Magdalena Rós Hauksdóttir	Stuðningsfulltrúi	
Margrét Jóhannsdóttir	Kennari	margretjo@kopavogur.is
Margrét Jóna Jónsdóttir	Þroskaþjálfari	mjona@kopavogur.is
María Ásmundsdóttir	Kennari	mariaa@kopavogur.is
María Elín Guðbrandsdóttir	Leiðbeinandi	mariaelin@kopavogur.is
María Jónsdóttir	Deildarstjóri miðstigs	mariaj@kopavogur.is
Nína Hrönn Guðmundsdóttir	Myndmenntakennari	nina@kopavogur.is
Ólöf Ósk Óladóttir	Kennari	olofosk@kopavogur.is
Ragnheiður Jóna L. Aðalsteinsd.	Kennari	jonal@kopavogur.is
Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir	Kennari (barneignaleyfi)	rakelfj@kopavogur.is
Róbert Ólafur Gr. Mc Kee	Smíðakennari	robert@kopavogur.is
Rósý Karlsdóttir	Skólaliði	rosy@kopavogur.is
Salóme Halldórsdóttir	Kennari	salomeh@kopavogur.is
Sandra Dröfn Thomsen	Stuðningsfulltrúi	sandra@kopavogur.is
Sandra Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	sandrath@kopavogur.is
Sara Kristín Kjartansdóttir	Stuðningsfulltrúi	sarakristin@kopavogur.is
Sesselja Konráðsdóttir	Kennari	sesseljak@kopavogur.is
Sigríður Hjartardóttir	Textílkennari	sigridurhj@kopavogur.is
Sigríður Pálmarsdóttir	kennari	sirri@kopavogur.is
Sigríður Sturludóttir	Kennari	sisi@kopavogur.is
Sigrún Eva Ólafsdóttir	Stuðningsfulltrúi	sigruneva@kopavogur.is
Sigurborg Birgisdóttir	Kennari	sigurborgb@kopavogur.is
Sigurveig Hermannsdóttir	Kennari	sigurveig@kopavogur.is
Smári Þorbjörnsson	Kennari	smari@kopavogur.is
Sóley Kristmundsdóttir	Kennari	soley@kopavogur.is
Sólrun Lilja Pálsdóttir	Kennari	solrunlilja@kopavogur.is
Sólveig Lára Kjærnested	Íþróttakennari	solveiglara@kopavogur.is
Steinunn Björg Birgisdóttir	Kennari	steinunnb@kopavogur.is
Svandís Halldórsdóttir	Kennari	svandish@kopavogur.is
Svanhildur Anna Gestsdóttir	Forstöðumaður Stjörnuheima	svanhilduranna@kopavogur.is
Theódór Aldar Tómasson	Enskukennari	theodor@kopavogur.is
Vladislava Karpova	Aðstoðarmatráður	vlada@kopavogur.is
Þóra Marteinsdóttir	Tónmenntakennari	thora@kopavogur.is

3 Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali, sem finna má á heimasíðu skólans, eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda í 1. – 7. bekk eru 174 og 6 skertir dagar. Kennsludagar nemenda í 8. – 10. bekk eru 170 og skertir dagar því alls 10. Skertir dagar eru þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldraviðtalsdagar, dagur vegna jólaskeppmtunar en þá koma nemendur aðeins á jólaskeppmtun og fara heim að henni lokinni. Öskudagur telst einnig til skerts dags því þá fara nemendur heim um hádegisbil og svo skólaslitadagur þar sem nemendur mæta til að taka við vitnisburði. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 3. janúar. Vetrarleyfi er 27. og 28. október og 20. - 21. febrúar. Páskaleyfi er 10. - 17 apríl. Einnig fellur kennsla niður fimm daga á skólatíma nemenda vegna skipulagsdaga kennara, þ.e. 7. október, 23. nóvember, 3. janúar, 13. mars og 19. maí.



Skóladagatal Vatnsendaskóla

Skólaárið 2016 - 2017

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1 M Frídagur vefstærna	1 F	1 L	1 Þ	1 F Félagsdagurinn	1 S Vetrar	1 M	1 M Ólafur	1 L	1 M Vefstærna	1 F Vefstærna
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F Strengingardagur	2 M	2 F	2 F	2 S Dagur barnabókanna	2 Þ	2 F Vefstærna & SK
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Skipulagsdagur	3 F Dagur stærfræðna	3 F	3 M Þema	3 M	3 L
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ Þema	4 F	4 S Hvítasunnudagurinn
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M Þema	5 F	5 M Annar í hólunum
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Frelldagurinn	6 M Dagur líkaskóla	6 M	6 F Þema	6 L	6 Þ Vefstærna
7 S	7 M	7 F Skipulagsdagur	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ Samgr. 8.-10.b. íslenska	7 F Þema	7 S	7 M Skólastíð
8 M	8 F Dagur fæðs	8 L	8 Þ Barntugur þess annars	8 F	8 S	8 M	8 M Samgr. 8.-10.b. enska	8 L	8 M	8 F Skipulagsdagur
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F Samgr. 8.-10.b. stærðfr.	9 S Þemasunnudagur	9 Þ	9 F Skipulagsdagur
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 L	10 L
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S
12 F Skipulagsdagur	12 M Námsferiskynningar	12 M	12 L	12 M	12 F Námsmat	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M
13 L	13 Þ Námsferiskynningar	13 F	13 S	13 Þ	13 F Námsmat	13 M	13 M Skipulagsdagur	13 F Skólagar	13 L	13 Þ
14 S	14 M Námsferiskynningar	14 F	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F Félagsdagurinn langi	14 S	14 M
15 M Skipulagsdagur	15 F Námsferiskynningar	15 L	15 Þ	15 F Jólabætur	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F
16 Þ Skipulagsdagur	16 F Dagur bláskírnar náttúru	16 S	16 M Dagur bláskírnar langi	16 F	16 M Námsmat	16 F	16 F	16 S Þekkingar	16 Þ	16 F
17 M Skipulagsdagur	17 L	17 M Frammistöðumat	17 F	17 L	17 Þ Námsmat	17 F	17 F	17 M Annar í þakum	17 M	17 L Jólabætur
18 F Skipulagsdagur	18 S	18 Þ Frammistöðumat	18 F	18 S	18 M Námsmat	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S
19 F Skipulagsdagur	19 M	19 M Frammistöðumat	19 L	19 M	19 F	19 S Konudagur	19 S	19 M	19 F Skipulagsdagur	19 M
20 L	20 Þ	20 F Frammistöðumat	20 S	20 Þ Litlu jólin	20 F Vetrar	20 M Vetrarleyfi	20 M Frammistöðumat	20 F Sumardagurinn fyrsti	20 L	20 Þ
21 S	21 M	21 F Frammistöðumat	21 Þ	21 L	21 M	21 Þ Vetrarleyfi	21 Þ Frammistöðumat	21 F	21 S	21 M
22 M Skólastíðing	22 F Samgr. 7.b. íslenska	22 L	22 Þ	22 S	22 M	22 M	22 M Frammistöðumat	22 L	22 M Námsmat	22 F
23 Þ	23 F Samgr. 7.b. stærðfr.	23 S	23 M	23 F Þekkingar	23 M	23 F	23 F Frammistöðumat	23 S	23 Þ Námsmat	23 F
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Aðfangadagur jóla	24 Þ	24 F	24 F Frammistöðumat	24 M	24 M Námsmat	24 L
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Úppáttingardagur	25 S
26 F	26 M Mikindaga tungumálagurinn	26 M	26 F	26 M Annar í jólinum	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F Námsmat	26 M
27 L	27 Þ	27 F Vetrarleyfi	27 S	27 Þ	27 F	27 M Bókudagur	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 S	28 M	28 F Vetrarleyfi	28 M	28 M	28 L	28 Þ Sprengdagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M
29 M	29 F Samgr. 4.b. íslenska	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F
30 Þ	30 F Samgr. 4.b. stærðfr.	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F
31 M		31 M	31 L Gamladagur	31 Þ Gamladagur	31 Þ Bláa og hvítadagur		31 F	31 M	31 M	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfslíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningnum.
Starfsdagur kennara utan starfslíma nemenda eru 8.

4 Kennsla

Skóladagur nemenda í 1. – 4. bekk

7:45	Skólinn opnaður
8:10	Kennsla hefst – vinnulota
9:30	Morgunhressing (fer eftir því hvort nemendur eru í smiðjum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum).
9:50-10:10	Frímínútur/útivist
10:10 – 11:10	Vinnulota
11:10-11:30 eða 11:30 – 11:50	Matur
11:30-11:50 eða 11:50 – 12:10	Frímínútur/útivist
11:50 – 13:10	Vinnulota – skóla lýkur hjá nemendum – opnað er í Dægradvöl skólans 1.-3. bekkur.
13:10 – 15:00	Klúbbastarf í 4. bekk
17:00	Dægradvöl skólans lokað

Skóladagur nemenda í 5. – 7. bekk

7:45	Skólinn opnaður
8:10/8:30	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:15 eða 9:50	Morgunhressing (fer eftir því hvort nemendur eru í smiðjum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum).
9:30 – 9:50	Frímínútur/útivist
9:50 – 11:50	Vinnulota
11:50 – 12:10	Matur
12:10 – 12:30	Frímínútur/útivist
12:30 – 13:50	Vinnulota– skóla lýkur hjá nemendum í 5. – 7. bekk

Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk

7:45	Skólinn opnaður
8:30	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:30 – 9:50	Frímínútur - nesti
9:50 – 10:50	Vinnulota
10:50 – 11:10	Frímínútur
11:10 – 12:10	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
12:10 – 12:40	Matur/frímínútur
12:40 – 13:10/13:30	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
13:30 – 13:40	Frímínútur
13:40 – 15:40	Vinnulota - Kennsla valgreina - skóla lýkur hjá nemendum 8. – 10. bekk – mismunandi eftir dögum og valgreinum nemenda hvenær kennslu lýkur, þó aldrei síðar en 15:40.

Frímínútur

Ætlast er til að allir nemendur 1. - 7. bekkjar fari út í allar frímínútur. Undantekningar eru eftirfarandi:

- Nemandi hefur verið lasinn og foreldri óskar skriflega eftir leyfi til inniveru í frímínútum.
- Kennari hefur leyfi til að láta nemanda vera inni ef sérstakar ástæður krefjast, s.s. vegna skyndilegra veikinda eða slysa, áreitni eða verkefnaskyldu, en þá á ábyrgð kennara og í samvinnu við skólaliða.
- Mjög vont veður.

Tilhögun kennslu

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er lögð á umhverfis-, rannsóknar- og vettvangsnám. Gildi skólanámskrár byggjast á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar og útikennsla er ríkur þáttur í skólastarfinu þar sem skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Elliðavatn.

Í Vatnsendaskóla er litið á hvern árgang sem eina heild. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna samkenndu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru

færar til að þjálfa nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þau þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans.

Í Vatnsendaskóla er sérkennsla fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám, tilfinningar, félagsleg samskipti eða vegna fötlunar. Kennslan er ýmist einstaklingsbundin eða fer fram í hóp, hvort sem er innan bekkjar eða utan. Grundvöllur sérkennslu er greining á námsstöðu og vanda nemandans svo hægt sé að velja námsefni við hæfi. Greiningar geta komið frá kennara, sálfræðingi, sjúkraþjálfara, lækni, talmeinafræðingi, náms- og starfsráðgjafa eða öðrum sérfræðingum. Greiningar og sérkennsla eru ætíð unnin í samráði við forráðamenn barnanna og í góðu samstarfi við umsjónakennara.

Heimanámsstefna skólans

Vatnsendaskóli leggur áherslu á mikilvægi heimanáms sem í upphafi skólagöngu felst aðallega í aukinni þjálfun í lestri. Hver kennari sér um skipulag á yfirferð námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagð þeim sérstaklega í samráði við foreldra. Heimanámsáætlun birtist á mentor.is. Foreldrum er bent á að hafa samband við viðkomandi kennara ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.



Einstaklingsmiðað nám

Viðhorf	Námsumhverfi	Nemandi	Kennarar	Foreldrar
Skólinn er vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna.	Nemendum stendur til boða að nota fartölvur í kennslu í samráði við kennara.	Hver og einn nemandi er ábyrgur fyrir námi sínu.	Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.	Foreldrar taka þátt í skólastarfinu.
Viðurkennt að einstaklingar eru ólíkir; mismunandi námsaðferðir, markmið og frammistaða.	Afrakstur af vinnu nemenda sýnilegur víða um skólann.	Nemendur þekkja mismundi námstækni og eigin námsstíl.	Sama þema fyrir nemendur en mismunandi nálgun eftir getu og áhuga nemenda.	Foreldrar taka þátt í að svara leiðsagnarmati með börnunum sínum á hverri önn.
Þátttaka foreldra í skólastarfinu er talin sjálfsögð og mikilvæg.	Nemendur eiga allir sína heimastofu en fara að hluta til á milli rýma og vinna í árgangablönduðum hópum.	Nemendur aðstoða hver annan við úrlausn verkefna með jafningjafraðslu.	Umsjónarkennarar senda upplýsingar um bekkjarstarf til foreldra í hverri viku.	Foreldrar fylgjast með mætingu og ástundun í mentor og mæta í foreldra- og nemendaviðtöl tvisvar á ári.
Skólinn er opin öllum einstaklingum, óháð sérþörfum.	Bókasafnið er opið fyrir nemendur á hverjum degi.	Nemendur hafa nokkurt val um það hvernig þeir haga sínu námi.	Kennarar meta nemendur jafnt og þétt yfir veturinn, skrá niðurstöðurnar og upplýsa foreldra og nemendur um niðurstöðurnar.	Foreldrar mæta á námskynningar, þemahátíð, opinn skóla, vorhátíð og fleiri skipulagða atburði í skólanum eins og kostur er.

5 Nemendur

Skólaárið 2016 – 2017 eru 554 nemendur með 26 umsjónarkennara í Vatnsendaskóla; 304 drengir og 250 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa innan hvers árgangs og í mörgum tilfellum bera umsjónarkennarar sameiginlega ábyrgð á nemendum árgangsins.

Hér að neðan má sjá skiptingu nemenda í umsjónarhópa og nöfn umsjónarkennara:

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. Blástjarna	45	24	69	Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir, Klara Sigurmundadóttir, Jóna L. Aðalsteinsd. Lovísa Hannesdóttir
2. Blágresi	40	28	68	Hanna Lára Baldvinsdóttir, Sigríður Pálmarsdóttir, Svandís Halldórsdóttir
3. Bláklukka	37	28	65	Ásta Ingunn Sævarsdóttir, Sigríður Sturludóttir, Sigurveig Hermannsdóttir
4. Sóleyjar	31	26	57	Ingilau Erlingsdóttir, Salóme Halldórsdóttir, Steinunn Björg Birgisdóttir
5. Engjarós	37	22	59	Árný Sigríður Sveinsdóttir, Helga Arnþórsdóttir, Ólöf Ósk Óladóttir
6. Glitrós	29	21	50	Björk Hlöðversdóttir, Kristjana Þrastardóttir
7. Eyrarrós	31	33	64	Heiða Björk Egilsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Sesselja Konráðsdóttir
8. Hrutaberjalyng	8	14	22	Atli Jóhannsson
8. Sortulyng	13	11	24	Ingunn Huld Kristófersdóttir
9. Beitilyng	9	8	17	Smári Þorbjörnsson
9. Mosalyng	9	11	20	Anna Reynarsdóttir
10. Bláberjalyng	4	13	17	Theódór Aldar Tómasson
10. Krækilyng	11	11	22	Kristín Pétursdóttir
Samtals:	304	250	554	

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda:

1.– 4. bekkur 30 kennslustundir á viku

5. – 7. bekkir 35 kennslustundir á viku

8. – 10. bekkir 30 kennslustundir á viku bundnar í töflu og 7 kennslustundir í vali, samtals 37 kennslustundir á viku.

Í 1. – 4. bekk eru viðfangsefnin meðal annars íslenska, stærðfræði, lífsleikni, enska, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, smíði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt og tónmennt. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á yngsta stigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í bekkjum eða taka minni hópa með sér í námsver.

Í 5. – 7. bekk eru viðfangsefnin íslenska, enska, stærðfræði, danska, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt, smíði, heimilisfræði, textílmenn, myndmennt og tónmennt. Kennarar hafa val um að samþætta námsgreinar í ákveðnum lotum og er það aðallega gert í samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á miðstigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í bekkjum eða taka minni hópa með sér í námsver.

Í 8. – 10. bekk er greinaskipt kennsla og fá nemendur stundatöflu þar sem tímar eru merktir inn á töfluna. Viðfangsefnin eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, enska, danska og lífsleikni. Að auki eru nemendur með val tíma í töflu. Sérkennarar eru á unglingastigi og vinna þeir með minni hópa í námsveri.



Helstu viðburðir skólaársins

22. ágúst - Skólasetning.

13. september – námskynningar í 1. – 2. bekk.

14. september – námskynningar í 8. - 10. bekk.

15. september – námskynningar í 3.-4. bekk.

16. september – námskynningar í 5.-7. bekk.

19. september réttarferð – 3. bekkjar.

22. - 23. september - samræmd próf í 7. bekk.

29. og 30. september – samræmd próf í 4. bekk.

7. október – sameiginlegur skipulagsdagur allra skóla í Kópavogi.

17. - 21. október - frammistöðumat.

26. október - foreldra og nemendaviðtöl.

27. og 28. október - vetrarfrí.

7. nóvember hefst lestrarátak sem lýkur með uppskeruhátíð í tilefni af degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember.

23. nóvember - skipulagsdagur.

2. desember – skreytingardagur.

15. desember - Jólasveinaleikar í íþróttahúsinu (óhefðbundnir íþróttaleikir).

20. desember - litlu jólin.

3. janúar - skipulagsdagur.

31. janúar foreldra og nemendaviðtöl.

20. - 21. febrúar - vetrarfrí.

1. mars- öskudagshátíð.

13. mars - skipulagsdagur.

20.- 24. mars frammistöðumat.

3. – 7. apríl - þemavika.

24. apríl – 5. maí – lestrarsprettur.

22. – 26. maí - námsmat í 1. – 7. bekk á skólatíma.

22. – 26. maí - námsmat í 8. – 10. bekk.

1. - 6. júní - útivistardagar í Vatnsendaskóla.

7. júní - skólaslit.

6 Valgreinar

Nemendur 9. og 10. bekkja geta valið 7 kennslustundir á viku í valfögum en nemendur í 8. bekk geta valið 3 kennslustundir á viku þar sem fjórar kennslustundir eru í bundnu vali: tölvur, verkleg náttúrufræði, heimilisfræði, myndmennt, textílmennt og smíði.

Val utan skóla - Hægt er að fá ípróttaiðkun og/eða annað nám metið sem valgrein. Ef nemendur stunda nám utan skóla jafngildir tveggja klukkustunda nám einni kennslustund í vali. Nemendur verða að skila inn eyðublaði í ágúst/september frá foreldrum því til staðfestingar. Einnig þarf að skila staðfestingu frá íþróttafélagi/tónlistarskóla.

Fram að áramótum 2016-2017 gátu nemendur valið á milli eftirfarandi greina:

Enska – grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkir) TAT

Íslenska – grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkir) AJ

Stærðfræði – grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkir) Sp

Nemendaráð / Dimma 1t. (8. 9. og 10. bekkir) LS/IHK

Hönnun og smíði: 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk) RM

Heimanám: 1t. (8. 9. og 10. bekkir) AJ/TAT

Saga söngleikja 2t. (9. og 10. bekkir)TAT

Listmálun 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk) NHG

Heimilisfræði 3t. (9. og 10. bekkir, bundið val hjá 8. bekk) SB

Sjálfstyrking í námi 1t. (9. og 10. bekkir) GEA - Sterkari ég í leik og starfi

Zumba og slökun 1t. (8. 9. og 10. bekkir) RJL

Hekl og prjón 2t. (8. 9. og 10. bekkir) Ál

Kór 2t. (8. 9. og 10. bekkir) PM

Skólahreysti 2t. (9. og 10. bekkir) BAF

Skólablað 2t. (9. og 10. bekkur) IBB

Stuttmyndagerð 2t. (9. og 10. bekkir) BS

Tölvuleikjagerð 2t. (8. 9. og 10. bekkur) Kþ

Kynjafræði 1t. (9. og 10. bekkur) AR

Ferðalangur í heimabyggð 2t. (9. og 10. bekkur) IHK

ENSK2ST05 2t. (10. bekkur) TAT

STÆ 103 2t. (10. bekkur)

STÆ 203 Algebra, föll og margliður 2t. (10. bekkur)

7 Skólabragur

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnaandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma eru höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Starfsfólk Vatnsendaskóla vinnur samkvæmt stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsaga sem byggt er á kenningum Diane Gossen. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Skólareglur Vatnsendaskóla

Skólareglur voru endurskoðaðar á kennarafundi 21. september 2016. Niðurstaða þess fundar var kynnt á kennarafundi 28. september 2016. Nemendur fá tækifæri til að fjalla um reglurnar síðar.

Í skólanum eiga allir nemendur rétt á að vera öryggir og geta sinnt námi sínu og leikið sér án áreitis og truflunar frá öðrum .

Það þýðir að nemendur:

- sýna hver öðrum og starfsfólki virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans.
- sitja með öryggisbelti spennt á meðan íþróttar- og sundrúta er á ferð.
- eru á skólalóðinni á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
- nota hvorki reiðhjól, vespur, rafhjól, línuskauta, hjólaskó, hjólabretti né hlaupahjól á skólalóðinni á skólatíma.

Nemendur hafa ákveðnum skyldum að gegna í skólanum.

Það þýðir að nemendur:

- mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
- ganga um ganga skólans og eru ekki með háreysti á ferðum sínum um skólann, í matsal eða kennslustofum.
- ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur, spjaldtölvur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.
- fara í röð fyrir framan íþrótta- og sundrútu áður en þeim er hleypt inn í hana.
- fylgja fyrirmælum starfsfólks varðandi notkun GSM síma, snjallúra og spjaldtölva á skólatíma.

Í skólanum er borin umhyggja fyrir heilsu nemenda

Það þýðir að nemendur:

- neyta hvorki gosdrykkja/orkudrykkja né nokkurs sælgætis á skólatíma
- nota hvorki tóbak né rafsígarettur á skólatíma og á skólalóð eða aðra vímuegjafa. Sömu reglur gilda um allt tómstundastarf, skemmtanir og ferðir á vegum skólans.

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Þeir nemendur sem ekki geta farið eftir skólareglum fá viðeigandi leiðsögn:

1. Kennari ræðir við nemanda og bendir honum á hvað hann hefur gert rangt og spyr nemandann um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt.
2. Stjórnendur eru kallaðir til þegar nemendur láta ekki segjast eftir samtal við kennara.
3. Tilkynnt er um brot sem send eru til skólastjórnenda til forráðamanna með símtali.
4. Mál eru skráð í dagbók nemanda í Mentor að undangengnu símtali.

Þegar alvarlegri brot eiga sér stað, t.d. brot sem fela í sér ofbeldi eða meiðandi notkun á snjalltækjum:

- Getur komið til þess að foreldrar þurfi að sækja nemendur tafarlaust í skólann.
- Ef um ræðir alvarlegt brot á notkun á snjalltæki er tækið tekið af nemendum tímabundið í samráði við foreldra.

Notkun GSM síma

Nemendum unglingastigs er heimilt að vera með og nota GSM-síma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum. Þeim sem ekki treysta sér til að fara eftir reglunum er óheimilt að vera með síma í skólanum.

- Símarir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
- Í kennslustundum er öll notkun GSM-síma bönnuð nema með leyfi kennara.
- Ekki er heimilt að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu.
- Verði nemandi uppvís að óheimilli notkun síma í kennslustund skal hann samstundis ganga frá síma í skólatösku. Kennari skráir atvik í mentor að undangengnu símtali við foreldra.
- Við alvarleg eða ítrekuð brot er nemandi vísað til skólastjórnenda og foreldrum tilkynnt um atvik.

Notkunarreglur spjaldtölva

- Förum eftir fyriræmum kennara um notkun spjalda.
- Í kennslustundum fáum við staðfest frá kennara að við eigum/megum nota spjaldið.
- Tónlist = heyrnartól.
- Myndatökur og myndbirtingar eru háðar SAMÞYKKI.
- Í matsalnum notum við ekki spjaldtölvurnar.

Notkunarreglur um spjaldtölvur eru í þróun og munu að öllum líkindumbeytast.


Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur

1. Við fyrsta brot er nemandi gefin **VIÐVÖRUN**.
2. Við annað brot er **GEFINN PUNKTUR** í Mentor.
3. Við endurtekin brot er **SENDUR PÓSTUR** til foreldra.
(eftir 5 punkta sendir kennari póst heim)
4. Við síendurtekin brot er nemandi **BOÐAÐUR Á FUND** ásamt foreldrum og skólastjórnendum.
5. Geti nemandi ekki farið eftir reglum þá skal **SPJALDIÐ GEYMT** á vegum skólans þar til annað er ákveðið.

Þessi viðurlögð eru í endurskoðunarferli.

Sjá nánar um ferli vegna brota á skólareglum á næstu síðu.

Ferli vegna brota á skólareglum





8 Nefndir og ráð skólans

Um skólaráð

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

- Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.)

Í skólaráð skal skipa níu einstaklinga til tveggja ára í senn:

- Skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess
- Tveir fulltrúar kennara.
- Einn fulltrúa annars starfsfólks en kennara.
- Tveir fulltrúar nemenda.
- Tveir fulltrúar foreldra.

- Einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu sem ofantaldir fulltrúar skólaráðs velja eða einn viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Skólaráð Vatnsendaskóla

Skólaráð Vatnsendaskóla er skipað eftirfarandi fulltrúum skólaárið 2016 – 2017:

Bjarki Kristjánsson, nemandi í 10. Krækilyngi (annar nemendafulltrúi verður kjörinn miðvikudaginn 5. 10.).

Bryndís Jónsdóttir, foreldrafulltrúi

Hekla Hannibalsdóttir/Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri

Halla Björk Marteinsdóttir, foreldrafulltrúi

Halldór Sigurjónsson, húsvörður

Lovísa Hannesdóttir kennari

Smári Þorbjörnsson, kennari

Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélags.

Starfsáætlun skólaráðs

Skólaráð fundar fjórum sinnum á haustönn og fjórum sinnum á vorönn; 19. september, 3. október, 7. nóvember, 5. desember, 6. febrúar, 6. mars, 3. apríl, og 8. maí. Fundir eru á mánudögum kl. 8:15.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Stjórn Foreldrafélags Vatnsendaskóla skólaárið 2016 – 2017 skipa:

Þorvar Hafsteinsson, formaður

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, varaformaður

Einar Örn Gunnarsson, ritari

Arnar Gauti Sverrisson, meðstjórnandi

Áslaug Þórðardóttir, meðstjórnandi

Stefán Pálsson, meðstjórnandi.

Bekkjarfulltrúar

Tveir bekkjarfulltrúar koma frá hverjum námshópi og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um bekkjarstarf í samráði við kennara. Einnig fylgjast þeir með þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins. Stefnt er að því að fá einn bekkjarfulltrúa inn í stjórn foreldrafélagsins og verður hann fulltrúi/tengiliður bekkjarfulltrúa. Til stendur að halda fyrirlestur fyrir bekkjarfulltrúa um leið og listi yfir bekkjarfulltrúa liggur fyrir. Bekkjarfulltrúar 10. bekkja skipa fjáröflunarnefnd fyrir útskriftarferð nemenda.

Nemendaráð Vatnsendaskóla

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla* skal nemendafélag starfa í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Nemendaráð fundar vikulega, á miðvikudögum kl. 13:40.

Fulltrúar skólaárið 2016-2017 eru:

- Kristjana Aðalsteinsdóttir 8. bekkur
- Gabríel Pétur Óðinsson 8. bekkur
- Breki Hrafn Ottóson 8. bekkur
- Kamilla Ívarsdóttir 9. bekkur
- Sigrún Ýr Halldórsdóttir 9. bekkur
- Belinda Dögg Ásgrímsdóttir 9. bekkur
- Kolfinna Pétursdóttir 10. bekkur
- Aron Örn Gunnarsson 10. bekkur
- Halldís Sigurðard. Hjaltested 10. bekkur
- Þórdís Helga Ríkharðsdóttir 10. bekkur
- Blær Hinriksson 10. bekkur
- Emilía Dröfn Guðmundsdóttir 10. bekkur

* **10. gr. Nemendafélag.**

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Félagsmiðstöðin Dimma

Félagsmiðstöðin Dimma er starfrækt í Vatnsendaskóla undir stjórn Laufeyjar Sifjar Ingólfssdóttur, forstöðumanns. Félagsmiðstöðin Dimma er opin á mánudögum og miðvikudögum frá 17:00-18:30 og 19:30-22:00 og annan hvern föstudag frá 19:30 - 23:00 ásamt því að vera opin í hádeginu alla virka daga.

Starfsáætlun Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu

2. september	Íþróttadagur félagsmiðstöðva Kópavogs
30. september - 2. október	Landsmót Samfés
17. – 21. október	Forvarnarvika félagsmiðstöðva Kópavogs
2. nóvember	Félagsmiðstöðvadagurinn
9. – 11. nóvember	Getkó (spurningakeppni félagsmiðstöðvanna)
11. nóvember	Sameiginlegt ball félagsmiðstöðva kópavogs í Dimmu
16. nóvember	Stuttmyndahátíð félagsmiðstöðva Kópavogs
18. nóvember	Rímnaflæði Samfés
9. desember	Söngkeppni Dimmu
Tími ákveðinn síðar	Jólaball Dimmu og Vatnsendaskóla
13. janúar	Nýársball félagsmiðstöðva Kópavogs
27. janúar	Söngkeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi
3. febrúar	Danskeppni Samfés
4. mars	Stíll (fatahönnunar og hárgreiðslukeppni)
24. mars	Samfestingurinn - Ball
25. mars	Samfestingurinn - Söngvakeppni
13. maí	Félagsmiðstöðvahátíðin

8 Foreldrasamstarf

Samstarf heimila og skóla

Gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Til þess að samskipti verði góð og árangursrík þurfa allir starfsmenn skólans og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir í hinu daglega skólastarfi snúa beint að foreldrum og er ekki síður mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í þeim hluta t.d. með því að fylgjast með heimanámi barna sinna, mæta á fundi s.s. námsefniskynningar og bekkjarkvöld, aðstoða í ferðum og koma með innlegg í kennsluna þegar það á við, t.d. hvað varðar kynningar á starfsgreinum. Skólinn er ávallt opinn foreldrum og forráðamönnum hvenær sem er.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda. Hefðbundin nemenda- og foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, í október og janúar, en kennarar boða foreldra til viðtala að auki ef þurfa þykir.

Upplýsingamiðlun til foreldra

Á heimasíðu skólans, <http://www.vatnsendaskoli.is> er miðlað því helsta sem er á döfinni hverju sinni og þar er einnig að finna upplýsingar um skipulag skólaársins. Vatnsendaskóli er með facebooksíðu <https://www.facebook.com/Vatnsendaskoli/> sem einnig er nýtt til upplýsingagjafar.

Kennarar senda foreldrum vikupóst í hverri viku þar sem fram kemur hvað gert hefur verið í skólanum s.l. viku og hvað er á döfinni þá næstu.

10 Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Áætlað er að Kópavogsbær standi fyrir mati á ákveðnum þáttum skólastarfsins með könnun meðal foreldra síðar í vetur.

Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Innra mat

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er lögð fyrir könnun á líðan og viðhorfi nemenda í 6. – 10. bekk og er sú könnun unnin af Skólapúlсинum. Þannig fæst samanburður sem við sambærilega skóla annars staðar af landinu. Þættirnir sem þar eru mældir eru:

- Ánægja af lestri
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Samsömun við nemendahópinn
- Virk þátttaka nemenda í tímum

Annað hvert vor er svo lögð fyrir könnun á viðhorfi starfsmanna til vinnustaðarins og á móti könnun á viðhorfi foreldra til skólans.

Umbótaáætlun

Af mörgu er að taka þegar umbætur í skólum eru annars vegar. Þó margt sé vel gert má alltaf gera enn betur. Það að ígrunda starf sitt og spyrja sig gagnrýninna spurninga er eðlilegur hluti skólastarfs. Það að festast í viðjum vanans er ávísun á stöðnun sem að lokum kæfir allan sköpunarkraft starfsfólks og kemur það að lokum niður á námi nemenda.

Mikilvægt er að þær umbætur sem unnið er að hafi áhrif í kennslustofunni og komi nemendum til góða. Það er von okkar að þær umbætur sem unnið verður að í Vatnsendaskóla, skólaárið 2016-2017 hafi bein áhrif á störf og líðan nemenda.

Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins skólaárið 2015 – 2016 gefa til kynna að skólastarfið gangi yfir höfuð vel. Nokkur atriði er varða nemendur og faglega forystu skólastjórnenda eru þó þannig að við viljum rýna þau og gera betur.

Viðfangsefni	Aðgerðir	Tímasetningar	Ábyrgð	Mat á úrbótum
Skólastjórnendur ræða markmið námsins við kennara á fundum	Setja þarf á dagskrá stigsfunda umræðu um markmið námsins.	A.m.k. 2 fundir á önn verða settir niður þar sem fjallað er um markmið námsins.	Deildastjórar	Starfsmannasamtöl Skólapúlsinn 2017-2018
Skólastjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustofunni	Skipulagt verður á hverju stigi fyrir sig, að á hverri önn sitji stjórnandi í a.m.k. einni kennslustund og ræði við viðkomandi kennara á eftir um hvað gekk vel og hvað verr. Skólastjórnendur hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleitni eða árangur	Haustönn og vorönn	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar	Starfsmannasamtöl Skólapúlsinn 2017-2018
Þegar kennari á í vanda í kennslustofunni hafa skólastjórnendur frumkvæði að því að ræða málin	Semja verkferla um það að þegar grunur vaknar um að illa gangi hjá kennara þá grípi stjórnendur inn í með ákveðnum hætti.	Október 2016	Skólastjóri	Skólapúlsinn 2017-2018

Í nemendakönnun Skólapúlsins eftir skólaárið 2015 – 2016 voru engir þættir marktækt lakari miðað við landsmeðaltal en nokkrir þættir voru marktækt betri. Opin svör í nemendakönnun og starfsmannakönnun gefa þó til kynna að skoða þurfi betur samskipti og agamál.

Eftirfarandi þætti verður unnið að því að bæta skólaárið 2016 – 2017:

Viðfangsefni	Aðgerðir	Tímasetningar	Ábyrgð	Mat á úrbótum
Uppeldi til ábyrgðar	Setja upp árshjól Halda markvissa teymisfundi	Haustönn og vorönn	Skólastjórnendur og kennarateymi	Skólapúlsinn 2016 – 2017 Starfsmannasamtöl
Samskipti kennara og foreldra	Semja viðmið um tölvupóst- og símasamskipti	September 2016	Skólastjórnendur	Skólapúlsinn 2016 – 2017 Starfsmannasamtöl
Umgengni í skólanum	Kennarar hvattir til að ræða reglulega við og kenna nemendum umgengni við skó og yfirhafnir	Eins og þurfa þykir og eigi sjaldnar en mánaðarlega	Kennarar og starfsfólk	Skólapúlsinn 2016 – 2017 Starfsmannasamtöl



Kópavogsbær hefur hafið innleiðingu á notkun spjaldtölva í námi og kennslu í skólum bæjarins. Mikilvægt er að fylgja því verkefni vel úr hlaði. Skólaárið 2016 - 2017 hefur verið ákveðið að allir kennarar í Vatnsendaskóla fái 3 tíma á viku til að þróa kennsluhætti sína með tilliti til þessa.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um breytt námsmat. Kennarar á unglingastigi hafa sl. vetur unnið að innleiðingu þess í störfum sínum. Halda þarf þeirri vinnu áfram skólaárið 2016 – 2017.

Viðfangsefni	Aðgerðir	Tímasetningar	Ábyrgð	Mat á úrbótum
Spjaldtölvuvæðing	Semja sýn Segja til hvers er ætlast Setja vörður á leiðinni Ákveða mælistiku á árangur	Október – nóvember 2016	Skólastjórnendur og spjaldtölvuteymi	Könnun í maí 2017
Námsmat á unglingastigi	Ákveða mælistiku á árangur Fá námskeið frá Mentor.	September – nóvember 2016	Skólastjórnendur og kennarar á unglingastigi	

11 Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í sérkennslu Vatnsendaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Sérkennsla í Vatnsendaskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ár

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar þeim nemendum sem eiga í sértækum erfiðleikum. Stuðningsfulltrúar starfa undir stjórn kennara.

Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar eru starfandi við skólann og vinna með þeim börnum sem hafa alvarlegar þroskahamlanir og þurfa á sértækum úrræðum og þjálfun að halda.

Skólahjúkrun

Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans og er í 60% starfi undir stjórn Heilsugæslunnar.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til

nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Hægt er að lesa nánar um starfssemi heilsuverndar skólabarna inn á www.6h.is á foreldrahluta síðunnar.

Nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um breytingar á högum nemenda eða ef um langvinna sjúkdóma og lyfjanotkun er að ræða.

Ef nemandi slasast í skólanum er fyrstu hjálp sinnt. Haft er samband við forráðamann ef veikindi eða slys ber að höndum og því er mjög mikilvægt að á skrifstofu skólans séu alltaf réttar upplýsingar um virk símanúmer og netföng.

Upplýsingar um helstu verkefni skólaheilsuverndar er að finna á heimasíðu skólans, www.vatnsendaskoli.is

Auður er við á eftirfarandi tímum:

- Mánudagar kl. 08:00-14:00
- Þriðjudagar kl. 09:00-12:00
- Miðvikudagar kl. 08:00-14.00
- Fimmtudagar kl. 08:00-12:00
- Föstudagar kl. 08:00-12:00

Sálfræðiþjónusta

Bóas Valdórsson er sálfræðingur skólans. Hann sinnir nemendum ýmist að ósk skóla eða forráðamanna. Skólinn vísar nemendum aðeins til sálfræðings að gefnu samþykki forráðamanna. Forráðamenn leita til umsjónarkennara hafi þeir í hyggju að leita þjónustu skólasálfræðings. Umsjónarkennari vísar erindinu til nemendaverndarráðs sem síðar vísar erindinu áfram til sálfræðings. Viðvera Bóasar er á mánudögum frá kl. 8:00 – 16:00.



Náms- og starfsráðgjöf

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir er náms- og starfsráðgjafi skólans í 100% starfi og er við alla daga frá 8:00 – 16:00. Hlutverk hennar er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari nemenda. Verkefni hans eru m.a.:

- Persónuleg ráðgjöf nemenda, bæði hóp- og einstaklingsráðgjöf.
- Kynningar á framhaldsskólum.
- Leiðbeiningar um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Könnun á áhugasviði.
- Val á framhaldsnámi.
- Prófkvíði.
- Prófundirbúningur.
- Samskipti.
- Stríðni.
- Einelti.
- Áhyggjur.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Tengiliður milli heimila og skóla.

Talkennsla

Unnið er að ráðningu nýs talkennara, en ekki hefur tekist að manna stöðuna þegar þegar þessi skýrsla er unnin.

Nemendaverndarráð

Í Vatnsendaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, skólasálfræðingi, sérkennara, náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Nemendaverndarráð heldur fundi aðra hverja viku og er hlutverk þess að gæta hagsmuna nemenda. Boðað er til aukafundar ef taka þarf brýn mál fyrir.

Fulltrúar frá Félagsþjónustu Kópavogs sitja fundi nemendaverndarráðs eftir því sem efni standa til. Hlutaðeigandi kennarar eru einnig boðaðir eftir þörfum. Kennarar vísa málum til ráðsins. Þeir hafa tilkynningarskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um vanrækslu vegna nemanda.

Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs

Á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogsbæjar starfa kennslufræðingar sem veita starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum ráðgjöf og stuðning við úrlausn mála sem upp koma í skólastarfi.

Ef sérþarfir barns eru miklar og flóknar geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barn sitt í sérskóla. Í Kópavogi eru einnig starfræktar sérdeildir, námsver og sérúrræði til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda.

12 Tórstundastarf

Bekkjarskemmtanir

Hver bekkur hefur að lágmarki eitt bekkjarkvöld á hvorri önn. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í skólanum eða fyrir utan hann. Bekkjarfulltrúar skipuleggja bekkjarkvöld og er það gert í samvinnu við umsjónarkennara.

Skólabúðir

7. bekkur fer árlega í Skólabúðirnar að Reykjum og 9. bekkur fer sömuleiðis í Skólabúðir að Laugum í Sælingsdal.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðum er fléttað inn í skólastarfið í flestum árgöngum. Nemendur 3. bekkja fara t.d. í réttarferð á haustin. Nemendur 5. bekkja fara í gróðursetningaferð á vorin í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs. 10. bekkur fer í útskriftarferð að vori en hún er skipulögð í samstarfi við foreldra.

Fleiri ferðir eru fyrirhugaðar í vetur í öllum árgöngum skólans.

Skák

Nemendum í Stjörnuheimum, dægradvöl skólans er boðið upp á skákkennslu. Nemendur unglingadeildar geta valið skák sem valgrein í skólanum

Árshátíðir

Árshátíðir unglingastígs og miðstígs verða haldnar á vorönn 2017.



Tónlistarskólar

Tónlistarskóli Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs, Zuzuki skólinn og Tónsalir fá aðstöðu í Vatnsendaskóla til hljóðfærakennslu.

Skólakór

Í Vatnsendaskóla eru starfræktir skólakórar undir stjórn Þóru Marteinsdóttur, kórstjóra. Kórnir hafa vaxið og dafnað frá stofnun og koma opinberlega fram nokkrum sinnum yfir

veturinn. Barnakórinn gistir eina nótt í skólanum á haustönn og fer í lengri ferð út fyrir bæinn á hverri vorönn. Unglingakórinn gistir einnig eina nótt í skólanum og stefnir á utanlandsferð í maí.

Stjörnuheimar og klúbbastarf

Stjörnuheimar, dægradvöl Vatnsendaskóla, er opin nemendum skólans í 1. til 4. bekk frá kl. 13:10 til 17:00 alla daga sem starfsemi er í skólanum að undanskildum skólasetningardegi og 2 skipulagsdögum. Veturinn 2016-2017 verður í fyrsta sinn opið í Stjörnuheimum í jóla- og páskafríi. Sími Stjörnuheima er 441-4033 og 690 8706. Einnig er hægt að ná sambandi við Stjörnuheima í gegnum skiptiborð skólans og í netpósti á netfangið svanhilduranna@kopavogur.is.

Dagskrá Stjörnuheima byggir á frjálsum leik innan ákveðins ramma og verkefnum. Spil, föndur og hlutverkaleikir eru vinsæl auk inni- og útileikja. Einnig er farið í vettvangsferðir og unnið með þema ferðanna er heim í skóla er komið.

Markmið Stjörnuheima er að bjóða nemendum upp á athvarf þar sem þeir geta dvalið utan skólatíma meðan foreldrar eru í vinnu. Lögð er áhersla á siðferðilegt og félagslegt uppeldi nemenda. Einnig er lögð áhersla á að Stjörnuheimar sé nemendum fastur punktur í tilverunni, annað heimili þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki.

Hressing í Stjörnuheimum er frá kl. 13:30 – 14:30 og í boði er brauð og ávextir. Gjald fyrir hressingu er 130.- krónur á dag.

Dagskrá nemenda í 4. bekk er í formi klúbbastarfs sem stendur frá 13:10 – 14:30 mánudaga til fimmtudaga. Umsjón klúbbanna er í höndum kennara skólans. Dæmi um klúbba eru: heimilisfræði, sjálfsstyrking, enska, lego og minecraft. Að klúbbum loknum er boðið upp á hressingu og fara börnin heim kl. 15:00.



13 Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsmenn meta æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mats. Starfsmenn greina skólastjóra frá þeim þáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og/eða til að bæta þekkingu sína sem nýtist í starfi. Starfsmönnum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau námskeið eru á vinnutíma starfsmanna og starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Áherslur varðandi símenntun

Undanfarin misseri hafa kennarar á yngsta stigi 1. – 3. bekk verið að vinna í þróunarverkefni sem tengist læsi og lestrarkennslu, **Byrjendalæsi**. Verkefnið hófst á skipulagsdögum haustið 2012 og heldur áfram í vetur. Byrjendalæsi er nú orðið grunnurinn að lestrar- og íslenskukennslu á yngsta stigi. Kennarar skólans vinna saman í teymum í hverjum árgangi með stefnu Byrjendalæsis að leiðarljósi.

Innleiðing iPad spjaldtölva í kennslu hófst vorið 2015 og stendur yfir næstu misseri. Allir kennarar skólans fengu spjaldtölvu afhenta vorið 2015.

Kópavogsbær skipulagði nokkrar kynningar í ágúst 2016 sem voru vel sóttar af kennurum bæjarins.

Spjaldtölvuteymi kennara starfar við skólann sem leiðir vinnuna í samstarfi við spjaldtölvuteymi Kópavogsbæjar og kennsluráðgjafa. iPad-teymið fundar vikulega og er kennurum innan handar við skipulagningu á spjaldtölvukennslu. Kennsluráðgjafi á vegum Kópavogsbæjar er einnig í skólanum einn dag í viku og geta kennarar fengið aðstoð hjá honum.

Nemendur í 5. 6. 7. 8. 9. og 10. bekk hafa fengið spjaldtölvur afhentar, einnig á skólinn 40 spjaldtölvur sem nota má í bekkjum.

Innleiðingaráætlun vegna spjaldtölvuinnleiðingar er í vinnslu og stefnt er að því að hún verði birt á heimasíðu skólans í janúar 2017.

Skólaárið 2016-2017 er gert ráð fyrir því í vinnuramma kennara að þeir noti 3 klukkustundir á viku til að flétta notkun spjaldtölva inn í námsgreinar. Leiðtögateymi spjaldtölvuvæðingar skipuleggur jafningjafræðslu innan skólans.

14 Áætlanir

Eineltisáætlun

Starfsfólk Vatnsendaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum og unnið verði að því að starfsmenn, nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir hvað einelti er. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og brugðist verður við þeim málum sem upp kunna að koma án tafar og í góðri samvinnu. Frá skólabyrjun verði nemendum markvisst kennd góð samskipti. Nemendur skulu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Gera skal nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan og virða aðra ekki viðlits er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja. Þannig verður stuðlað að vellíðan allra í sameiginlegu átaki. Vatnsendaskóli skal vera öruggur og góður vinnustaður, þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju fyrir öllum.

[Eineltisáætlun Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans.](#)

Áfallaáætlun

Eftirfarandi er áfallaáætlun Vatnsendaskóla, í henni má finna upplýsingar um meðlimi áfallaráðs og hlutverk þess, einnig eru settar fram skilgreiningar á áföllum ásamt verkferlum til viðmiðunar ef áföll verða. Áfallaáætlun Vatnsendaskóla var síðast endurskoðuð í apríl 2016.

Í áfallaráði er hópur af starfsfólki skólans sem er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Vatnsendaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

Í áfallaráði skólaárið 2016 - 2017 sitja:

- Hekla Hannibalsdóttir, skólastjóri, sími 692 7576 (til áramóta)
- Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri (til áramóta)
- Ingunn Huld Kristófersdóttir, deildarstjóri
- María Jónsdóttir, deildarstjóri
- Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- Aníta Björk Helgadóttir, sérkennari

Áfallaráð sér um að nemendur og starfsfólk fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.

Ef áfall verður í Vatnsendaskóla skal áfallaráð koma saman eins fljótt og auðið er og ákveða skipulag næstu klukkustunda og næstu daga. Ef um nemanda er að ræða skal umsjónarkennari látinn vita strax um atburðinn.

Áfallaráð skal funda að hausti til að fara yfir stöðu mála hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda, starfsfólks eða aðstandenda.

Hlutverk áfallaráðs er fyrst og fremst að greina niður hvaða aðstæður gætu skapast hverju sinni. Einnig þarf að finna tiltekna einstaklinga til að taka að sér ýmis verkefni sem þeir sjá um eins og:

- hver aflar upplýsingar varðandi atburðinn
- hver hefur samband við aðstandendur
- hver er talsmaður skólans gagnvart utanaðkomandi einstaklingum
- hver sér um að koma upplýsingum til réttra einstaklinga
- hver sér um að hafa samband við samstarfsfólk utan skólans s.s. prest, lækni, lögreglu.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

[Sjá nánar](#) á heimasíðu skólans.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu.

Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt. Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn.

Fyrri æfingin er að hausti og er auglýst því þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs

Vatnsendaskóli hefur sett sér viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almannafræðis um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miða að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans.

Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus.
- Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírspurrkur til að hnerra eða hóst í.
- Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influenta.is.

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri:

http://php.vatnsendaskoli.is/files/skolinn/roskun_a_skolastarfi.pdf?PHPSESSID=715e6757fc65b88cde81a13402e1b6bd

Viðbrögð við jarðskjálftum: http://www.almannavarnir.is/display.asp?cat_id=342

Viðbrögð við eldgos: http://www.almannavarnir.is/default.asp?cat_id=171

15 Akstur og mötuneyti

Akstur í íþróttir og sund

Hér að neðan er aksturstafla vegna íþróttar- og sundtíma í Vatnsendaskóla. Eins og sjá má þarf skólinn mikinn akstur og fylgd með í rúturnar. Fylgja þarf nemendum í 1. – 4. bekkjum og þarf einn til tvo fylgdarmenn í hverja ferð.

Aksturstafla Vatnsendaskóla 2016 – 2017

Mánudagur Íþróttir – Kórinn	Þriðjudagur Sund – Salalaug	Miðvikudagur Sund - Salalaug	Fimmtudagur Íþróttir – Kórinn	Föstudagur Sund - Salalaug
Rúta frá skóla 8:15 3. bekkur (70) 8:25-9:25 Rúta frá Kór 9:35 Sara Kristín, Sandra Þ		Rúta frá skóla 8:15 4. bekkur (19) 8:25-9:25 Rúta frá Salalaug 9:40 Sandra Þ	Rúta frá skóla 8:15 8. bekkur (48) 8:25-9:25 Rúta frá Kór 9:40	
Rúta frá skóla 9:30 1. bekkur (68) 9:45-10:45 Rúta frá Kór 10:55 Brynja, Ástrós, Sigrún Eva		Rúta frá skóla 9:30 4. bekkur (19) 9:40-10:40 Rúta frá Salalaug 10:55 Ester	Rúta frá skóla 9:35 9. bekkur (35) 9:45-10:45 Rúta frá Kór 10:55	Rúta frá skóla 9:30 7. bekkur (28) 9:40-10:40 Rúta frá Salalaug 10:55
Rúta frá skóla 10:40 2. bekkur (70) 10:50-11:50 Rúta frá Kór 12:00 Gulla, Kasía	Rúta frá skóla 10:55 2. bekkur (18) 11:00-12:00 Rúta frá Salalaug 12:25 Gulla	Rúta frá skóla 10:35 4. bekkur (19) 10:50-11:50 Rúta frá Salalaug 12:05 Sara Kristín	Rúta frá skóla 10:50 10. bekkur (41) 11:00-12:00 Rúta frá Kór 12:10	Rúta frá skóla 10:40 5. bekkur (29) 10:50-11:50 Rúta frá Salalaug 12:05
Rúta frá skóla 12:20 5. bekkur (58) 12:30-13:30 Rúta frá Kór 13:40 Ester	Rúta frá skóla 12:10 3. bekkur (20) 12:20-13:20 Rúta frá Salalaug 13:35 Sandra Döfn	Rúta frá skóla 11:35 1. bekkur (14) 11:50-12:50 Rúta frá Salalaug 13:05 Sandra Dröfn	Rúta frá skóla 12:30 4. bekkur (58) 12:40-13:40 Rúta frá Kór 13:50	Rúta frá skóla 12:15 6. bekkur (31) 12:30-13:30 Rúta frá Salalaug 13:45
Rúta frá skóla 13:30 6. bekkur (54) 13:35-14:35 Rúta frá Kór 14:45		Rúta frá skóla 13:30 8. bekkur (12) 13:50-14:50 Rúta frá Salalaug 15:05	Rúta frá skóla 13:30 7. bekkur (64) 13:40-14:40 Rúta frá Kór 14:50	Rúta frá skóla 13:50 9.-10.bk. (30) 14:00-15:00 Rúta frá Salalaug 15:15

Skólamáltíðir

Í Vatnsendaskóla starfar matreiðslumeistari og er allur matur eldaður á staðnum. Hver máltíð kostar u.þ.b. 430 krónur og er salatbar og ávextir í boði með öllum máltíðum (Mánaðargjald fyrir áskrift í mötuneyti er 8.630 kr). Um 600 manns, nemendur og starfsfólk eru í mat daglega. Matseðil fyrir hvern mánuð er að finna á heimasíðu skólans.

Foreldrar skrá börn sín í og úr mataráskrift á íbúagátt Kópavogsbæjar á www.kopavogur.is og sér Kópavogsbær um að innheimta greiðslur um hver mánaðamót.

Nemendur sem koma með nesti að heiman geta nýtt sér örbylgjuofna og samlokugrill í matsal.

16 Annað sem varðar starfsemi skólans

Skólaþróun og umbótastarf

Í Vatnsendaskóla starfa nokkur teymi sem hafa það hlutverk að efla, bæta og þróa skólastarfið. Skólaárið 2016-2017 var ákveðið að fækka teyimum og gefa meiri tíma í hverri viku vegna innleiðingar á notkun spjaldtölva í kennslu.

Teymin sem starfa í vetur eru eftirfarandi:

- Grænfánateymi
- iPad-stýriteymi
- Þemavika- og jólasveinaleikar
- Byrjendalæsi
- Uppeldi til ábyrgðar
- Öryggisnefnd

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð nemendum í 1., 2. og 3. bekk. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og er unnin í samvinnu við HA.

Meginmarkmið *Byrjendalæsis* er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnninnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar texti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Umsjónarmaður verkefnisins innan skólans er Jónína Edda Sævarsdóttir kennari.

Uppeldi til ábyrgðar

Innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar í Vatnsendaskóla hófst árið 2011 en sú stefna ýtir undir ábyrðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Um er að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórna út frá geðþótta annarra.

Grænfáni í Vatnsendaskóla

Vatnsendaskóli er skóli á grænni grein hjá Landvernd og fékk heimild til að flagga Grænfánanum í þriðja sinn í janúar 2013. Markmið skólans er að hver og einn nemandi læri að taka meiri ábyrgð á eigin umhverfi. Það er mikilvægt að nemendur læri að bera virðingu fyrir auðlindum okkar svo þær nýtist komandi kynslóðum sem best.

Starfandi er umhverfisnefnd við skólann og í henni sitja fulltrúi foreldra, kennara, starfsmanna, stjórnenda og fulltrúar nemenda. Umhverfisnefndin hittist öll um það bil tvisvar á skólaárinu auk þess sem hún hittist af og til í minni hópum.

Í skólanum er lögð áhersla á að fræða nemendur um mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið og náttúruna. Undanfarin ár hafa starfsmenn og nemendur skólans verið að flokka pappír og leitast við að endurnýta hann sem mest. Einnig er lífrænn úrgangur flokkaður í öllum kennslustofum, starfsmannastofu og mötuneyti nemenda. Orkusparnaður er hafður að leiðarljósi og allir eru hvattir til að láta vatnið renna sem minnst úr krönunum og slökkva ljósinn þegar gengið er út úr stofum. Í Vatnsendaskóla er ætlast til að nemendur drekki sem mest vatn og ef þeir koma með nesti í einnota umbúðum eiga þeir að taka umbúðirnar með sér heim.

Foreldrar eru hvattir til að ræða um umhverfismál við börn sín og skoða með þeim vefsíður um umhverfismál. Á vefsíðum Landverndar landvernd.is og Umhverfisstofnunar, www.ust.is má finna margskonar fróðleik.



Erasmus skólaþróunarverkefni

Haustið 2015 fékk Vatnsendaskóli styrk til tveggja ára frá Erasmus til að vinna að skólaþróun. Verkefnið heitir Netnám í grunnskólum er starfsmenntaferð kennara skólans. Tilgangur ferðarinnar er að kennarar í Vatnsendaskóla kynni sér þróun netnáms í kennslu í 6-10 mismunandi skólum í London. Vorið 2016 fór hópur kennara í skólaheimsókn til London.

Markmið verkefnisins er:

- Að efla tengslanet skólans í þróun netnáms.
- Að hvetja kennara og efla kennara í notkun netnáms í kennslu

- Að framkvæma áherslur skólans í starfsáætluninni sem lúta að fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiðuðu námi.
- Að kennarar öðlist skilning á kostum netnáms fyrir nemendur
- Að kennarar öðlist skilning á kostum netnáms í fyrirkomulagi og skipulagi kennslu
- Að kennarar öðlist skilning á mikilvægi netnáms í einstaklingsmiðuðu námi
- Að kennarar hafi frumkvæði að því að innleiða þessa kennsluaðferð í kennslu sína með hliðsjón af ofangreindum atriðum.

Verkefninu er ætlað að þróa og búa til kennsluhætti sem koma til móts við nýjar og breyttar þarfir nemenda á og standa vonir til þess að hægt verði að innleiða netnám endanlega í skólanum á næstu 1-2 árum á öllum skólastigum grunnskólans. Fyrir nemendur liggja kostir netnáms í því að geta lært á eigin hraða og geta flett upp í námsefninu á þeim tímapunkti sem þeir vilja auk þess sem nemendur eru gerðir ábyrgari fyrir námi sínu. Netnám auðveldar nemandanum allt utanumhald með námi og auðveldar honum því skipulag og undirbúning fyrir verkefni eða próf. Verkefninu er einnig ætlað að efla gæðastarf innan skólans og færa hann í röð fremstu skóla í sínum sveitarfélagi. Námsmöguleikar fyrir nemendur á netinu munu efla gæði náms og skila sér í markvissri kennslu í skóla og heima. Netnám er klár nýsköpun sem fært getur skólanum aukna möguleika og nemendum þess betri kennslu

Í starfsáætlun Vatnsendaskóla fyrir árið 2016 eru nokkrar áherslur sem snerta þetta tiltekna starfsmenntaverkefni. Vatnsendaskóli hefur lagt sérstaka áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Það eru þær tvær áherslur sem eru hvað mikilvægastar og snerta þetta verkefni.

1. Fjölbreyttir kennsluhættir - Í kennslu hefur löngum verið lögð höfuðáhersla á innlögn og heimanám í bókum. Vatnsendaskóli hefur ásamt fleiri skólum tekist að þróa svokallað netnám á unglingastigi skólans. Þessu verkefni er ætlað að kynna fyrir kennurum á unglingastigi í skólanum möguleika netnáms í öðrum löndum og efla þá stefnu sem nú er farin af stað. Netnám er ný kennsluaðferð sem mun ryðja sér rúms á næstu árum.

2. Einstaklingsmiðað nám - Mikil áhersla hefur verið á einstaklingsmiðað nám þar sem allir nemendur fá þá kennslu sem þeir þurfa miðað við eigin getu og annað. Netnámi er ætlað að koma til móts við einstaklingsmiðað nám á þann hátt að hægt sé að leggja fyrir nemendur einstaklingsmiðaðra heimanám heldur en gert væri ef bækur og verkefni fylgdu nemendur með heim. Nám á netinu býður upp á þá möguleika að nemendur glími við verkefni sem eru sniðin að þeirra getu.

Samþykkt skólaráðs

Starfsáætlun þessi var lögð fyrir fund skólaráðs Vatnsendaskóla mánudaginn 3. október 2016 þar sem um hana var fjallað og hún samþykkt án athugasemda.